

Borgarstjórn Reykjavíkur

1. apríl 2025

Tillaga Samfylkingar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna um byggðaðróun í Reykjavík til framtíðar

Lagt er til að borgarstjórn samþykki eftirfarandi tillögu til að styðja við byggðaðróun og sem undirbúningur uppfærslu aðalskipulags með áherslu á samgönguinnviði og framtíðaruppbyggingu til næstu áratuga.

1. Uppfærsla skipulags í Úlfarsárdal

Hefja skipulagsvinnu fyrir fyrsta áfanga nýrrar uppbyggingar í Úlfarsárdal með áherslu á svæðið sem nefnist Hallar, Hamrahlíðarlönd og suðurhlíðar Úlfarsfells auk annarra svæða innan vaxtarmarka. (Hallar+svæði innan vaxtarmarka).

2. Sviðsmyndagreining á mögulegum uppbyggingarsvæðum

Framkvæma sviðsmyndagreiningu á mögulegum uppbyggingarsvæðum í Reykjavík. Slíkt verði gert í tengslum við fyrirhugaða uppbyggingu og fjárfestingu í samfélagslegum innviðum, veitu- og samgöngukerfum, þar á meðal hágæða almenningsamgöngum, Borgarlínu og Sundabraut. Í því samhengi verði framkvæmd forathugun á uppbyggingarmöguleikum á svæðum eins og Geldinganesi, Víðinesi, Kjalarnesi og öðrum sambærilegum svæðum.

3. Sviðsmyndagreining um þróun Faxaflóahafna til lengri framtíðar og valkostagreiningar um staðsetningu valinna þátta í starfsemi hafnarinnar. Unnin verði sviðsmyndagreining um þróun hafnarinnar til lengri tíma lítið og hafinn undirbúningur valkostagreininga fyrir valda þætti í starfsemi hafnarinnar, í samstarfi umhverfis- og skipulagssviðs og Faxaflóahafna. Verkefnið verði mótað með hliðsjón af yfirstandandi skipulagsvinnu vegna Sundabrautar og þróun atvinnusvæða á Álfsnesi. Reykjavík er stærsta hafnarborg landsins og viljum við tryggja að íbúðaupbygging og hafnarstarfsemi fari vel saman til langs tíma.

Greinargerð

Hröð húsnæðisuppbygging og öruggt heimili fólks eru lykilmál nýs samstarfs í borginni samkvæmt yfirlýsingu Samfylkingar, Pírata, Sósíalístaflokksins, Flokks fólksins og Vinstri grænna. Áhersla er lögð á aukið samstarf við verkalýðshreyfinguna og hefur viljayfirlýsing verið undirrituð á milli Reykjavíkurborgar, ASÍ og BSRB um aðgerðir til að auka framboð húsnæðis og flýta innviðaupbyggingu í Reykjavík. Skoðaðar verða nýjar leiðir til þess að auka framboð og hraða uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík og þannig stuðla að auknu jafnvægi á fasteignamarkaði.

Skipulagning fjölbreyttrar uppbyggingar á nýju landi í Úlfarsárdal er einnig áherslupunktur samstarfsyfirlýsingar og því verður hafin skipulagsvinna fyrir fyrsta áfanga nýrrar uppbyggingar á því svæði og má þar m.a. nefna Halla, á landi í Úlfarsárdal. Samstarfsflokkarnir vilja horfa lengra fram í tímann og undirbúa. Borgin er í miklum vexti og því eðlilegt að framkvæma sviðsmyndagreiningar á öðrum mögulegum uppbyggingarsvæðum. Slík greining þarf að eiga sér stað í tengslum við þá samfélagslegu innviði sem þörf er á innan íbúðabyggðar. Nauðsynlegt er að byggja upp með áherslu á félagslega blandaða íbúðaupbyggingu og út frá fjölbreyttum samgöngumátum.